

# Þingsályktun

## um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra og umhverfis- og auðlinda-  
ráðherra að stuðla að uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins  
Jónasar Hallgrímssonar. Ráðuneytin leiti í því skyni eftir samstarfi við eiganda jarðarinnar  
Hrauns í Öxnadal um fjármögnun og framkvæmd uppbyggingarinnar svo og um framtíðar-  
skipulag starfsemi til heiðurs Jónasi. Nánari útfærsla verði í höndum ráðherra sem kynni  
Alþingi áætlun í þessa veru á haustþingi 2017.

*Samþykkt á Alþingi 31. maí 2017.*